

25. mars 2010

Samgöngunefnd Alþingis

Varðar erindi samgöngunefndar um að Umferðarstofa veiti umsögn um þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi álykti að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja með reglugerð um ökuskírteini að á ökuskírteini séu upplýsingar um vilja skírteinishafa til líffæragjafar.

Í því sambandi skal á það bent að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gaf hinn 1. febrúar 2010 út reglugerð nr. 118/2010 um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 501/1997. Reglugerðin tók gildi 17. febrúar 2010. Með 4. gr. hennar er VII. viðauka reglugerðar nr. 501/1997 breytt þannig:

- a. Á eftir 5. mgr. 1. töluliðar með fyrirsögninni „sameiginleg ákvæði“ kemur ný málsgrein, 6. mgr., sem orðast svo:
Liggj fyrir sérstök, skrifleg beiðni ökuskírteinishafa er heimilt með tákntölu að tilgreina upplýsingar í ökuskírteini um að hann sé líffæragjafi. Beiðnin skal undirrituð í viðurvist lögreglustjóra. Upplýsingar skulu færðar í dálk 12 í ökuskírteininu. Lögreglustjóri skal gera skrá yfir ökuskírteinishafa sem leggja fram beiðni, sbr. 6. mgr. 1. töluliðar í VII. viðauka við reglugerð um ökuskírteini og varðveita allar beiðnir með öruggum hætti.
- b. Á eftir „575 Skírteinishafi er iðggiltur ökukennarl vegna réttindaflokkanna A, B, C, D og E.“ í 3. tölulið með fyrirsögninni „innlendar tákntölur“ kemur:
900 Skírteinishafi hefur gefið yfirlýsingu um að hann sé líffæragjafi.

Skv. framanrituðu sýnist sú breyting á reglugerð um ökuskírteini sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir þegar hafa verið gerð á umræddri reglugerð.

Mbk.

William Thomas Möller